

5. bekkur

Íslenska

Kennari:

- 📖 Erla Þorsteinsdóttir
- 📖 Sigríður Magnúsdóttir

Fjöldi kennslustunda

Sjö stundir á viku

Markmið:

Lestur og bókmenntir:

Nemandi:

- 📖 Þjálfist í að beita nákvæmnislestri og leitarlestri. Læri þekktar vísur og ljóð utanbókar, þekki hugtökin rím, ljóðstafi, taktur, persóna, söguhetja, söguþráður og sögulok.

Talað mál og hlustun:

Nemandi:

- 📖 Þjálfist í að lesa upphátt sögur og ljóð með réttum áherslum.

Málfræði:

Nemandi:

- 📖 Þekki orðflokkanafnorð, sagnorð og lýsingarorð, geti fundið fall nafnorða og lýsingarorða, geri sér grein fyrir stigbreytingu og kynbeyginu lýsingarorða, átti sig á muninum á nútíð og þátíð sagna, þekki mun samnafna og sérnafna og þekki kyn orða.
- 📖 læri að nýta sér stofn orða í réttitun, leiki sér með orðtök og málshætti og átti sig á hvaða orðmynd er uppfléttimynd fallorðs og geti nýtt sér það við notkun orðabóka.

Ritun:

Nemandi:

- 📖 þekki hugtökin upphaf, miðja og endir í frásögnum og geti nýtt sér þau í eigin skrifum.
- 📖 læri að nota helstu stafsetningarreglur í ritun, t.d. n- og nn-reglunni, ng- og nk-reglunni og um i, í og y, ý.

Kennslutilhögun:

- 📖 innlögn og umræður
- 📖 einstaklingsvinna
- 📖 para- og hópavinna

Námsefni:

- 📖 Vanda málið
- 📖 Ljóðspor
- 📖 Skinna 2
- 📖 Skræða 1
- 📖 Mál í mótun verkefnabók og grunnbók
- 📖 Mál til komið grunnbók
- 📖 Didda og dauði kötturinn
- 📖 Ýmsir bókmenntatextar frá kennara

Námsmat:

📖 málfræði (nafnorð, lýsingarorð og sagnorð)	20%
📖 bókmenntir	10%
📖 ljóð	10%
📖 stafsetning	10%
📖 skrift	10%
📖 annarpróf	20%
📖 námshegðun	20%

Stærðfræði

Kennarar:

- 📖 Erla Þorsteinsdóttir
- 📖 Sigríður Magnúsdóttir

Fjöldi kennslustunda

Sex kennslustundir á viku

Markmið:

Stærðfræði og tungumál

Nemandi á að:

- 📖 skrá niðurstöður mælinga og geta notað þær til að rökstyðja mál sitt
- 📖 kynnast mismunandi tímamælingu

Lausnir verkefna og þrauta

Nemandi á að:

- 📖 kynnast flóknum viðfangsefnum með því að teikna myndir, búa til töflur og leita að mynstri eða reglu

Röksamhengi og röksemdafærslur

Nemandi á að:

- 📖 æfi einfaldar röksemdafærslur í mæltu og rituðu máli, t.d. út frá vinnu með áþreifanlega hluti.

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

Nemandi á að:

- 📖 breyta milli algengra eininga í metrakerfi, s.s. m í cm og mm, kg í g og l í dl
- 📖 geta reiknað flatarmál rétthyrninga og þríhyrninga.
- 📖 kynnast rómverskum tölum

Tölur

Nemandi á að:

- 📖 kunna skil á hugtakinu að ganga upp í
- 📖 sannreyna að margföldun og deiling með 10 jafngildir færslu um eitt sæti í tugakerfinu
- 📖 breyta tugabrotum með einum aukastaf í almenn brot
- 📖 stytta og lengja almenn brot og átta sig á því að við það koma fram ólík heiti sömu tölu
- 📖 breyta einföldum almennum brotum í tugabrot

Reikniáðgerðir, reiknikunnátta og mat

Nemandi á að:

- 📖 kunna samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu
- 📖 leggja saman tugabrot með einum aukastaf
- 📖 námunda tölur að næsta tug og hundraði og nota í slumpreikningi

Hlutföll og prósentur

Nemandi á að:

- bera hlutföll saman við helming
- kynnst því að 50% er helmingur
- finna 1%, 10% og 50% af heilum hundruðum

Mynstur og algebra

Nemandi á að:

- setja upp graf um samband tveggja stærða og lesa síðan milligildi af grafinu
- kynnst því að víxla má tölum í samlagningu og margföldun en ekki í frádrætti og deilingu
- nefna óþekktar stærðir með bókstaf

Rúmfræði

Nemandi á að:

- búa til einfaldar flatarmyndir og þrívíða hluti út frá gefnum upplýsingum
- velja heppileg mælitæki og einingar til að mæla lengd upp á millimetra
- geta notað gráðuboga til að mæla horn
- vita að rétt horn er 90° og að hringurinn er 360°
- nota hnit í fyrsta fjórðungi hnitakerfisins
- geta speglað og hliðrað flatarmyndum um ás
- finna samhverfuás í tvívíðum og þrívíðum myndum
- kynnst snúningi um punkt

Tölfræði og líkindafræði

Nemandi á að:

- nota hugtökin tíðni, miðgildi og meðaltal
- meta líkur út frá gefnum forsendum

Kennslutilhögun:

- bein kennsla
- hópverkefni
- þrautalausnir
- umræður
- verkefnavinna
- sjálfstæð vinnubrögð
- tilraunir

Námsefni:

- Stika 1a nemendabók og æfingahefti
- Stika 1b nemendabók og æfingahefti
- Stjörnuþætur (Venus, Mars)
- Hringur 1 (Samlagning og frádráttur, Margföldun og deiling, Brot)
- ýmis verkefnablöð
- kennsluforrit

Námsmat:

Haustönn

- | | | |
|--|-----|-----|
| <input type="checkbox"/> Þekkingarhluti: | | 80% |
| ○ kaflapróf | 60% | |
| ○ annarpróf | 20% | |
| <input type="checkbox"/> Námshegðun: | | 20% |
| ○ vinnusemi | 5% | |

- vinnubrögð 5%
- námsundirbúningur 5%
- virðing 5%

Vorönn

📖 Þekkingarhluti:		80%
○ kaflapróf	60%	
○ annarpróf	20%	
📖 Námshegðun:		20%
○ vinnusemi	5%	
○ vinnubrögð	5%	
○ námsundirbúningur	5%	
○ virðing	5%	

Enska

Kennarar:

- 📖 Hrafnhildur Hilmarsdóttir

Fjöldi kennslustunda

Tvær stundir á viku

Markmið:

Hlustun:

Nemandi:

- 📖 skilji einföld fyrirmæli kennara og einföldustu orð í samskiptum
- 📖 geti fylgst með í léttu hlustunarefni

Lestur:

Nemandi:

- 📖 geti lesið einfaldar setningar.

Talað mál:

Nemandi:

- 📖 geti tekið þátt í samskiptum og gefið upplýsingar um sjálfan sig.

Ritun:

Nemandi:

- 📖 geti skrifað orð og stuttar setningar.

Kennslutilhögun:

- 📖 innlög og umræður
- 📖 einstaklingsvinna
- 📖 para- og hópavinna
- 📖 þemavinna

Námsefni:

- 📖 Work out!, Speak out! (að hluta)
- 📖 Ýmis verkefni útbúin af kennara
- 📖 Enska m. gátum og skrátlum,
- 📖 kennsluforrit í tölvum og ýmis verkefni á veraldarvefnum

Námsmat:

Haustönn:

- Þekkingarhluti: glósupróf, hlustunarpróf 90%
- Námshegðun 10%

Vorönn:

- Þekkingarhluti: glósupróf, hlustunarpróf 90%
- Námshegðun 10%

Náttúrufræði:

Kennarar:

- Elínborg Herbertsdóttir
- María Sigurðardóttir

Fjöldi kennslustunda:

Þrjár kennslustundir á viku

Markmið:

Nemandi:

- þekki árstíðirnar fjórar og einkenni lífríkis á hverri þeirra
- þekki muninn á lýsandi hlutum, endurkasti ljóss og ljósbroti
- þekki hvernig rafmagn og seglar virka og tengja við raunveruleikann
- þekki hvernig tunglið og jörðin vinna saman
- þekki veðurfar á heimasvæði, ástæður þess og höfuðáttirnar fjórar
- þekki þróun jarðsögu fyrir heimasvæði og Surtseyjar
- þekki grunnflokkun lífvera og einkenni hvers hóps
- þekki fjölbreytni lífvera á og við Ísland og einkenni þeirra

Kennslutilhögun:

- umræður
- vettvangsferðir
- rannsóknir
- tilraunir
- verkefnavinna
- fyrirlestrar
- hópavinna
- upplýsingaöflun

Námsefni:

- Náttúran allan ársins hring
- Auðvitað 1

Ítarefni:

- ýmis ljósrituð gögn

Námsmat:

Haustönn:

- námshegðun 10%
- vinnubæklingar, sumar og haust 20%
- kaflapróf úr Auðvitað 1 30%
- vinnubók 10%
- tilraunir og skýrslur 30%

Vorön:

☞ námshegðun	10%
☞ vinnubæklingar, vetur og vor	20%
☞ kaflapróf úr Auðvitað 1	30%
☞ tilraunir og skýrslur	30%
☞ vinnubók	10%

Samfélagsfræði

Kennarar:

- ☞ Stefanía Helga Björnsdóttir

Fjöldi kennslustunda

Þrjár stund á viku

Markmið:

Landafræði:

Kort, myndir og landafræði Íslands

Nemandi á að:

- ☞ læra að lesa á kort, lýsa landslagi, þjálfist í að lýsa gróðurfari og veðurfari
- ☞ þekkja á Íslandskorti nöfn og legu landsfjórðunganna, stærstu þéttbýlisstaða, helstu ár, jökla, firði, flóa og fjöll
- ☞ kynna sér íslenskar náttúruauðlindir, hvernig þær eru nýttar og hvaða áhrif sú nýting hefur í heimabyggðinni á umhverfið þar einnig með náttúruvernd í huga
- ☞ kynna sér hvað er líkt og hvað ólíkt í heimabyggðinni og öðrum byggðarlögum, s.s. með tilliti til landbúnaðar, veðurfars, byggingum, samgangna, auðlinda og atvinnulífs
- ☞ kynnist íslenskum náttúruminum, náttúruvættum og ferðamannastöðum, átta sig á því eftir hverju ferðamenn eru að sækjast þeir fara um landið og ígrundi hvort þessir staðir þurfi sérstakrar verndunar við

Saga:

Róm og kristni, víkingar í norðri, frá landnámi til kristni og rýni

Nemandi á að:

- ☞ kynnast lýsingum fornhöfunda á þjóðum og löndum í norðri og leita sér upplýsinga um heimaslóðir víkinga
- ☞ leiti sér upplýsinga með fjölbreyttum hætti um víkingatímabilið t.d. með því að heimsækja Víkingaheima og fái fræðslu og leiðsögn um safnið
- ☞ læra sögur af fundi Íslands og nokkrum landnámsmönnum og hugleiða kosti og gæði landsins frá sjónarhóli þeirra
- ☞ fá tilfinningu fyrir sögulegum minjum og frumheimildum af ólíku tagi, svo sem myndum, mannvirkjum og texta
- ☞ beita ímyndunaraflinu og gagnrýni við að lesa úr þessum minjum

Kennslutilhögun:

- ☞ bókleg kennsla
- ☞ verkefnavinna bæði í einstaklings og hópavinnu og kynningar á þeim
- ☞ umræður
- ☞ sjálfstæð vinnubrögð
- ☞ vettvangsferð í Víkingaheima

Námsefni:

- 📖 Leifur Eiríksson – á ferð með Leifi heppna eftir Jóhanna Karlsdóttir, Leif Aidt er kennd fyrir áramót
- 📖 Ísland veröld til að njóta eftir Björn Hróarsson ásamt verkefnabók er kennd eftir áramót
- 📖 Kortabók

Námsmat:

📖 annarpróf	40%
📖 kaflapróf	10%
📖 vinnubækur	30%
📖 vinnusemi	5%
📖 vinnubrögð	5%
📖 námsundirbúningur	5%
📖 virðing	5%

Kristin fræði, siðfræði og trúarbragðafræði

Kennarar:

- 📖 María Sigurðardóttir
- 📖 Sigríður Magnúsdóttir

Fjöldi kennslustunda:

Ein stund á viku

Markmið:

Nemandi:

- 📖 kynnist mismunandi afstöðu kristinna, gyðinga og múslima til Jesú
- 📖 fræðist um uppruna og sögu íslams
- 📖 fræðist um sameiginlegan guð múslima og kristinna og mismunandi tilbeiðsluaðferðir.
- 📖 fræðist um Múhameð spámann og það samfélag sem hann kom úr
- 📖 kynnist völdum þáttum íslams, svo sem mosku, helgistöðum, táknum, hátíðum og siðum
- 📖 kynnist Kóraninum, helgiriti múslima, og völdum textum þar úr
- 📖 þekki guðsmynd og trúariðkun múslima, m.a. stoðirnar fimm
- 📖 fræðist um uppruna og sögu hindúatrúar
- 📖 þekki dæmi um helgirit hindúasiðar og kynnist völdum textum úr þeim
- 📖 þekki guðsmynd og trúariðkun hindúa
- 📖 kynnist öðrum völdum þáttum úr hindúasið, m.a. helgistöðum, musterum, táknum, hátíðum og siðum
- 📖 kynnist merkingu aðventunnar í kristnu helgihaldi
- 📖 kunni skil á aðdragandanum að því að Íslendingar tóku kristni og sjálfri kristnitökunni á Alþingi
- 📖 læri um aðdragandann að handtöku Jesú og kunni skil á atburðum skírdags og föstudagsins langa.
- 📖 kynnist notkun dæmisaga í siðferðilegum og trúarlegum tilgangi, t.d. eftir Jesú og Esóp
- 📖 þekki valda þætti úr sögu Ísraelsþjóðar frá brottförinni frá Egyptalandi til hernáms í Kanaanslandi
- 📖 þekki boðorð kristinna og kunni skil á merkingu þeirra

- 📖 fáist við efni tengt sáttfýsi og fyrirgefningu og gildi þessa, bæði trúarlega og í samskiptum manna á milli
- 📖 temji sér virðingu fyrir ólíkum trúarbrögðum og öðlist skilning á margbreytileika þeirra
- 📖 þjálfist í að ræða siðferðileg gildi og álitamál sem lúta að réttlæti, mannréttindum og jafnrétti

Kennslutilhögun:

- 📖 bein kennsla
- 📖 umræður
- 📖 verkefnavinna
- 📖 tjáning og sköpun

Námsefni:

- 📖 Kristin trú - fagnaðarerindið
- 📖 Íslam – að lúta vilja guðs
- 📖 Hindúatrú – guð í mörgum myndum
- 📖 Fræðslumyndir
- 📖 Ýmis verkefni frá kennara

Námsmat:

- 📖 úrvinnsla verkefna
- 📖 kannanir
- 📖 námshegðun
 - kaflapróf 40%
 - verkefnamappa 40%
 - námshegðun 20%

Lífsleikni

Kennarar:

- 📖 Erla Þorsteinsdóttir
- 📖 Sigríður Magnúsdóttir

Fjöldi kennslustunda

Ein stund á viku

Markmið:

Að nemandi:

- 📖 læri ýmis mikilvæg atriði í tengslum við umferð og umferðaröryggi
- 📖 læri að þekkja sjálfa sig
- 📖 læri um samskipti, sköpun og lífsstíl

Kennslutilhögun:

- 📖 vettvangsferðir
- 📖 kynningar
- 📖 umræður
- 📖 frásagnir og leikræn tjáning
- 📖 lögð verður áhersla á að fræða nemendur um samfélagið, umhverfið, náttúruna og menninguna.

Námsefni:

- 📖 Á ferð og flugi í umferðinni
- 📖 Ég er bara ég

Námsmat:

- 📖 ástundun
- 📖 vinnusemi
- 📖 frágangur
- 📖 að vori fá nemendur vitnisburðinn „lokið“ sem staðfestir lágmarksviðmið um þátttöku

Hönnun og smíði

Kennari:

- 📖 Elinborg Sigurjónsdóttir

Fjöldi kennslustunda

Tvær stundir á viku

Markmið:

Að nemandi:

- 📖 hafi fengið tilfinningu fyrir því hvað er vel gert og hvað ekki
- 📖 hafi tamið sér að gera alltaf sitt besta
- 📖 hafi tekist á við verkefni sem krefst vandvirkni og þolinmæði
- 📖 hafi náð tókum á að ganga vel um vinnusvæði sitt
- 📖 hafi náð góðum tókum á notkun sandpappírs
- 📖 hafi skilning á gildi endurvinnslu og temji sér að nýta vel það efni sem unnið er með
- 📖 fari eftir öryggisreglum og skilji hvers vegna slíkt er mikilvægt
- 📖 hafi lært að hreinsa pensla og önnur málningaráhöld á viðunandi hátt
- 📖 hafi smíðað hlut eftir uppgefinni forskrift eða eigin hugmynd sem tekur mið af ákveðnu hlutverki

Kennslutilhögun:

- 📖 sýnikennsla
- 📖 verkefnavinna
- 📖 sjálfstæð vinnubrögð

Námsefni:

- 📖 verkefni útbúin af kennara og eftir hugmyndum nemenda

Námsmat:

- 📖 Þekkingarhluti: 70%
 - verkefni
- 📖 Námshegðun: 30%
 - virðing 10%
 - virkni 10%
 - vinnusemi 10%

Textílmennt

Kennari:

📖 Erla Dröfn Vilbergsdóttir

Fjöldi kennslustunda

Tvær stundir á viku

Markmið:

Nemandi:

- 📖 þekki undirtvinna, yfirtvinna, beint spor og sikksakk á saumavél
- 📖 noti einfaldar sporgerðir á saumavél til skreytinga og frágangs
- 📖 læri að þrjúna brugðna lykkju og skipta um lit á garni í þrjúna
- 📖 vinni eftir einföldum, skriflegum leiðbeiningum
- 📖 noti handbækur greinarinnar
- 📖 þekki helstu hugtök og heiti sem unnið er með
- 📖 geri sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og góðrar umgengni

Kennslutilhögun:

- 📖 sýnikennsla
- 📖 sjálfstæð vinnubrögð

Námsefni:

- 📖 verkefni útbúin af kennara og eftir hugmyndum nemenda

Námsmat:

- 📖 Þekkingarhluti: 70%
 - verkefni
- 📖 Námshegðun: 30%
 - vinnusemi 10%
 - vinnubrögð 10%
 - virðing 10%

Heimilisfræði

Kennarar:

- 📖 Ástríður Lilja Guðjónsdóttir
- 📖 Hólmfríður Guðmundsdóttir.

Fjöldi kennslustunda

Þrjár stundir á viku hálfan vetur

Markmið

Að nemandi:

Næring og hollusta

- 📖 þekki heiti næringarefnanna
- 📖 kynnist hlutverkum steinefna og vítamína
- 📖 þjálfist í að nota næringarefnatöflu til að bera saman vítamíninnihald í ávöxtum og grænmeti
- 📖 þjálfist í að nota næringarefnatöflu til að bera saman steinefnainnihald í ávöxtum og grænmeti
- 📖 viti um mikilvægi vatns fyrir líkamann

- ☐ greini á milli góðs og lélegs fæðuvals
- ☐ geri sér grein fyrir því að góðar neysluvenjur eru mikilvægar heilsunnar vegna

Matreiðsla og vinnubrögð

- ☐ kunnir skil á þeim áhöldum sem nota þarf við matreiðslustörf
- ☐ geti notað allar mæliskeiðarnar, dl-mál og lítramál og geti mælt 1/4 og 3/4
- ☐ þjálfist í að vinna eftir skriflegum uppskriftum
- ☐ kynnist meðhöndlun á grænmeti og ávöxtum og fái þjálfun í að búa til einfalda rétti
- ☐ þjálfist í að matreiða grænmeti sem algengt er að rækta í skólagörðum
- ☐ þjálfist í að útbúa einfalda eggjarétti
- ☐ hafi tileinkað sér orkusparnað (með rafmagn, heitt og kalt vatn)
- ☐ geti bakað einfalt brauð úr ólífrænum lyftiefnum

Matvælafræði

- ☐ rifji upp þekkingu sína á fæðuflokkunum og vinni sérstaklega með grænmetis- og ávaxtaflokk
- ☐ geti metið útlit og gæði matvæla sem unnið er með (grænmetis og ávaxta)
- ☐ kanni helstu næringarefni sem eru í þeim matvælum sem unnið er með (grænmeti og ávöxtum)
- ☐ læri hugtök og orð tengd matargerð fyrir og nú

Hreinlæti

- ☐ hafi tileinkað sér persónulegt hreinlæti
- ☐ kunnir að meta hreint og vistlegt umhverfi
- ☐ geri sér grein fyrir því hvers vegna mikilvægt er að hreinsa grænmeti og ávexti
- ☐ þjálfist í að hreinsa og bursta skófatnað
- ☐ kynnist fatamerkingum (ullarmerki)
- ☐ fái þjálfun í að þvo ullarföt (sokka, vettlinga)
- ☐ kunnir að halda herbergi sínu hreinu
- ☐ temji sér að halda hreinu vinnusvæði sínu og þeim áhöldum sem notuð eru
- ☐ fái þjálfun í að fægja málma og hreinsa ýmsa hluti

Neytendafræði og umhverfisvernd

- ☐ þekki helstu umhverfismerki
- ☐ temji sér sparnað og ábyrgð gagnvart verðmætum (orkunotkun, pappír o.fl.)

Aðrir þættir

- ☐ geri sér grein fyrir helstu slyshættum í eldhúsi (eldavél, heitt vatn, áhöld og tæki, niðursuðudósir, hættuleg efni, gler)
- ☐ temji sér að bragða með jákvæðu hugarfari á öllum matvælum sem unnið er með (ekki matvæðni)
- ☐ þjálfist í að leggja fallega á borð við mismunandi tækifæri
- ☐ geti unnið með öðrum og sýnt tillitssemi
- ☐ geti unnið með jákvæðu hugarfari (vinnugleði)

Kennslutilhögun:

- ☐ nemendur vinna saman eftir skriflegum uppskriftum
- ☐ þeir halda umhverfi sínu hreinu. Áhersla er lögð á samvinnu

Námsefni:

- ☐ Gott og gagnlegt 1, heimilisfræði fyrir 5 bekk, auk vinnubókar.

Ítarefni:

- ☐ ljósrit frá kennurum
- ☐ myndband um sjálfstæðar ákvarðanir

Námsmat:

- 📖 Þekkingarhluti:
 - vinnubók 35%
 - verkleg færni 35%
- 📖 Námshegðun:
 - vinnusemi 10%
 - vinnubrögð 10 %
 - virðing 10%

Myndmennt

Kennarar:

- 📖 Gunnar Andrésson

Fjöldi kennslustunda

Þrjár stundir á viku hálfan veturinn

Markmið:

Nemandi:

- 📖 þekki möguleika línunnar og vinni með hana á markvissan hátt og geti myndað samfelld mynstur
- 📖 þekki hugtakið sjónarhorn og geri kannanir og verkefni tengd því
- 📖 geti unnið með mismunandi sjónarhorn, t.d. séð ofan frá og frá hlið
- 📖 útfæri mynstur og fléttur bæði í tvívíðri og þrívíðri vinnu
- 📖 geti gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum og geri sér grein fyrir verðmæti þeirra
- 📖 þekki list víkingatímabils, s.s. trélist, goðamyndir, skart og hefðbundin tákn, og tengsl þeirrar hefðar við íslenska menningu
- 📖 viti að vestrænni listasögu er skipt í tímabil, stefnur og stíla frá upphafi til okkar daga
- 📖 þekki hugtökin handverk og fjöldaframleiðsla og þann mun sem í þeim felst
- 📖 geti lýst munnlega og skriflega skoðun sinni á mynd

Kennslutilhögun:

- 📖 sýnikennsla
- 📖 verkefnavinna
- 📖 sjálfstæð vinnubrögð
- 📖 útikennsla
- 📖 vettvangs- og safnaferðir.

Námsefni:

- 📖 Myndmennt I og II
- 📖 kennsluefni í tölvum og á veraldarvefnum
- 📖 bækur af bókasafni

Námsmat:

- 📖 Þekkingarhluti: 70%
 - verkefni
- 📖 Námshegðun: 30%
 - virðing 10%
 - virkni 10%
 - vinnusemi 10%

Tónmennt og kór

Kennari:

☞ Styrmir Barkarson

Fjöldi kennslustunda:

Tvær kennslustundir á viku. Ein í kór og ein í tónmennt.

Markmið:

- ☞ að opna hug og hjarta nemenda fyrir tónlistinni og veita þeim það öryggi í söng og hljóðfæraleik sem gerir þeim kleift að njóta og iðka tónlist upp á eigin spýtur
- ☞ að nemendur geti sungið lög og stef eftir minni og heyrn
- ☞ að nemendur geti sungið hreint með skýrum framburði
- ☞ að nemendur geti greint á milli algengustu hljóðfæratagunda eftir heyrn og sjón og þekki sum þeirra með nafni
- ☞ að nemendur kynnist tónlist í kvikmyndum
- ☞ að nemendur kynnist hljóðfærum skólans og þjálfist í notkun þeirra
- ☞ að nemendur geti unnið með óhefðbundna hljóðgjafa í könnun sinni á hljóðheiminum
- ☞ að nemendur læri íslenska inni- og útileiki sem fela í sér söng og hreyfingu
- ☞ að nemendur læri íslensk sönglög og geti sungið þau utanbókar
- ☞ að nemendur læri einfalda röddun í söng
- ☞ að nemendur læri einföld erlend lög og geti sungið þau utanbókar
- ☞ að nemendur komi fram að minnsta kosti einu sinni á skólaárinu til að sýna afrakstur námsins
- ☞ að nemendur öðlist kjark til að syngja í hópi og fyrir framan aðra

Kennslutilhögun:

- ☞ í tónmenntatímum læra nemendur gegnum hljóðfæraleik, söng og hreyfingu undir leiðsögn kennara
- ☞ í kór syngja nemendur undir leiðsögn kennara

Námsefni:

- ☞ hljóðfæri kennslustofunnar
- ☞ söngtextar sem kennari útvegar nemendum
- ☞ bækur, hljóðmiðlar og myndmiðlar sem kennari tekur saman eftir þörfum

Námsmat:

- | | |
|---|------|
| ☞ virðing og vinnusemi í kennslustundum | 30 % |
| ☞ söngur (raddbeiting, lærðir textar, framburður) | 35 % |
| ☞ hljóðfæraleikur (beiting og kunnátta) | 35 % |

Upplýsingamennt

Kennari:

Ingibjörg Jóhannsdóttir

Fjöldi kennslustunda:

Tvær stundir á viku

Markmið:

Nemandi:

- ☞ að ná meiri færni í eftirtöldum yfirþáttum; tæknilæsi, upplýsingalæsi og menningar-
læsi.

- ☐ komi reglulega í tölvustofu og á skólasafn
- ☐ temji sér ákveðnar umgengisreglur í tölvustofum og á skólasafni

Véiritun:

Nemandi á að:

- ☐ hafa náð tökum á réttri fingrasetningu á lyklaborð, tileinkað sér blindskrift og rétta líkamsbeitingu
- ☐ á að kunna á alla sérlykla á lyklaborði
- ☐ hafi tileinkað sér innsláttarhraða að lágmarki á 50 slög á mínútu (10 orð á mín.).

Tölva:

Nemandi á að:

- ☐ kunna að búa til möppur og nota möppur í tölvum
- ☐ hafa notað kennsluforrit í öllum greinum sem verkfæri við eigið nám
- ☐ geta leitað á netinu að upplýsingum
- ☐ geta geymt eigin upplýsingar á tölvutæku formi með skipulögðum hætti
- ☐ geta ritað texta í ritvinnsluforriti
- ☐ geta unnið heimildaverkefni
- ☐ geta nýtt sér glærugerðarforrit

Kennslutilhögun:

- ☐ sýnikennsla
- ☐ verkefnavinna
- ☐ sjálfstæð vinnubrögð

Námsefni:

- ☐ kennsluforritið Að skrifa rétt:
- ☐ kennsluforrit í tölvum og á veraldarvefnum
- ☐ teikniforritið Paint
- ☐ ritvinnsluforritið Word
- ☐ glærugerðarforritið Power Point
- ☐ Google Earth
- ☐ siðfræði á netinu

Námsmat:

Véiritun:

- ☐ hraðapróf í véiritun tvisvar yfir veturinn; í lok nóvember og maí
- ☐ nemandi með ranga fingrasetningu er lækkaður um 1 í einkunn

Upplýsingamennt:

- ☐ Námshegðun: 10%
 - Vinnusemi
 - Vinnubrögð
 - Virðing
- ☐ Verkefnavinna: 90%

Íþróttir

Leikfimi

Kennarar:

Fjöldi kennslustunda

Tvær kennslustundir í viku

Markmið:

Nemandi á að:

- 📖 þjálfist í grófhreyfingum og flóknum æfingum sem viðhalda og bæta samhæfingu
- 📖 þjálfist í samsettum hreyfingum eins og litlum og löngum kollhnís
- 📖 þjálfist í leikjum og æfingum sem efla líkamspól, hraða, kraft og viðbragð
- 📖 taki þátt í æfingum, leikjum og íþróttum sem efla markvisst samvinnu innan minni eða stærri hópa
- 📖 læri að bera virðingu fyrir þörfum annara og mismunandi getu félaga sinna
- 📖 taki þátt í umræðu um gildi íþróttir fyrir sál og líkama

Kennslutilhögun:

- 📖 sýnikennsla
- 📖 sjálfstæð vinnubrögð

Námsefni:

- 📖 áhöld
- 📖 handklæði
- 📖 íþróttaföt

Námsmat:

- | | |
|-----------------------|-----|
| 📖 boltagreinar | 20% |
| 📖 liðleiki og styrkur | 20% |
| 📖 píptest | 10% |
| 📖 útihlaup | 20% |
| 📖 aðrar greinar | 10% |
| 📖 virkni og virðing | 20% |

Sund

Kennarar:

Fjöldi kennslustunda

Ein kennslustund í viku

Markmið:

Nemandi á að:

- 📖 þjálfist í æfingum sem viðhalda og bæta samhæfingu hreyfinga
- 📖 þjálfist í fjölbreyttum æfingum sem leggja grunn að bættri færni í bringusundi, skólábaksundi, skriðsundi, baksundi og flugsundi
- 📖 taki þátt í ýmsum æfingum og leikjum sem efla líkamspól, kraft, hraða og viðbragð
- 📖 tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð, s.s. iðkun æfinga í stöðvaþjálfun
- 📖 þjálfist í fjölbreyttum samvinnuverkefnum, s.s. ýmsum hópleikjum, sundknattleik, boðsundleikjum, ratleikjum og stöðvaþjálfun
- 📖 taki þátt í leikjum og æfingum í vatni og læri að bera virðingu fyrir þörfum og getu annarra


Kennslutilhögun:

- 📖 sýnikennsla
- 📖 sjálfstæð vinnubrögð

Námsefni:

- 📖 áhöld
- 📖 handklæði
- 📖 sundföt

Námsmat:

 verklegt próf (Sundstig 5)	80%
 virkni og Virðing	20%